



219. fundur Skólanefndar FS

24. júní 1997

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Jón Ingi Baldvinsson,
Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Guðnason,
Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúinn Þórunn
Friðriksdóttir, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari
og Jón Sæmundsson fjármálastjóri.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Kennararáðningar.
2. Skólastarf á haustönn.
3. Önnur mál.

1. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá umsóknum um kennarastöður. Skólanefnd mælir með því að ráða Magnús Einarsson til afleysinga í eitt ár, Maríu Björk Kristjánsdóttur, Öldu Jensdóttur og Erlu Sigríði Ragnarsdóttur.

2. Skólastarf á haustönn.

Skólameistari sagði frá umsóknum um skólavist á haustönn og öðru varðandi starfið á önninni.

3. Önnur mál.

a) Jón Sæmundsson fjármálastjóri kynnti rekstrar- og efnahagsreikning skólasjóðs fyrir 1996. Skólanefnd samþykkir reikninginn samhljóða.

b) Spurt um sumarskóla. Ekki var farið af stað með sumarskólann vegna þess að umsóknir voru of fáar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari